



FLÓAHREPPUR

Gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs í Flóahreppi

1. gr.

Flóahreppur innheimtir gjald fyrir alla meðhöndlun úrgangs í samræmi við 1. mgr. 23 gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Þá er Flóahreppi skv. 2. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003 heimilt að innheimta gjald fyrir tengda starfsemi sem samræmist markmiðum laganna svo sem þróun nýrrar tækni við meðhöndlun úrgangs, rannsóknir, fræðslu og kynningarmál samanber samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Flóahreppi nr. UMH19060077 og 23 gr. laga nr. 55/2013, sbr. einnig 59. gr. laga nr. 7 1998. Gjöldin eru lögð á árlega og innheimt samhliða fasteignaskatti.

2. gr

Sorphirðugjald

Sbr. samþykkt um sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Flóahreppi

240 lítra tunna	17.305 kr.
660 lítra kar	51.012 kr.
1100 lítra kar	84.904 kr.

3. gr.

Sorpeyðingargjald

Íbúðir	17.672 kr.
Sumarhús	17.672 kr.
Atvinnurekstur iðnaðarhverfi	38.558 kr.
Atvinnurekstur lögbýli	20.885 kr.

4. gr.

Seyrulosun

Fyrir tæmingu þriðja hvert ár Íbúðarhús/sumarhús	10.250 kr.
---	------------


5. gr.

Gjald vegna aukalosana á rotþróm heimila, sumarhúsa og atvinnufyrirtæka greiðist af eiganda. Kr. 36.000 fyrir aukalosun + 500 kr/km í tengslum við aðra hreinsun en kr. 86.000 + 500 kr/km fyrir aukalosun sem er sérferð.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Flóahrepps 8. desember 2020 og öðlast gildi við birtingu. Gjaldskrá nr. 1297/2018 fellur úr gildi við gildistöku þessarar.

Flóahreppi 10.12.2020


Eydis Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri